



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

25. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg,
14. janúar 2025 klukkan 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar, forfallaðist
Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla
Ragna Björnsdóttir, fulltrúi kennara

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Skóladagatal

Sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á skóladagatali leikskóladeildar. Starfsdagur í leikskóladeild sem átti að vera 10. mars var færður til 19. febrúar vegna verkefnisins um snemmtæka íhlutun.

2. Yfirlit yfir skólastarfið

Skólastjóri fór yfir stöðuna í skólanum í upphafi nýs ár. Starfið gengur vel og andi er góður bæði meðal starfsfólks og nemenda.

Verið er að endurnýja heimasíðu skólans. Áætlað er að taka við nýjum Grænfána á vordögum í sjötta sinn og komið er að því að skólanámskrá verði uppfærð en gildandi skólanámsskrá er fyrir árin 2020-2025.

Fjöldi nemenda í Kerhólsskóla í upphafi árs er 84: 26 nemendur í leikskóla og 58 í grunnskóla.

Skipulagi leikskóla hefur verið breytt, leikskólanum er nú skipt í hópa og hópstjóri yfir hverjum aldri, alls þrír hópstjórar. Breytingin er mjög jákvæð.

Einnig var rætt um að taka upp umræðu um skólastyrk til starfsmanna skólans.

3. Eineltisáætlun

Eineltisáætlun skólans var yfirfarin og samþykkt með breytingu á orðalagi.

4. Skólaþingið



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Skólaþing verður haldið þann 27. febrúar 2025 kl. 18:00, og vinna við undirbúning þess er í fullum gangi. Markmið þingsins er að veita upplýsingar um stöðu skólastarfs í sveitarfélaginu og fá ábendingar og tillögur frá íbúum um áherslur í skólamálum.

Áður en skólaþingið fer fram verður haldið nemendabíng þar sem markmiðið er að safna hugmyndum og sjónarmiðum nemenda varðandi áherslur í næstu skólastefnu sveitarfélagsins.

5. Fundatímar skólanefndar frá febrúar til júní

- 11. febrúar
- 4. mars
- 8. apríl
- 6. maí

6. Önnur mál

Sem heilsueflandi samfélag, var ræddur sá möguleiki að starfsfólk sveitarfélagsins fengi frítt árskort í sund og líkamsrækt.